

Kópavogsbær
Smári Smáráson,
skipulagsstjóri
Fannborg 2
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. ágúst 2010
Tilvísun: UST20100400043/ksj

Tillaga að breyttu skipulagi Lindarvegjar, Kópavogsbæ.

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Kópavogsbæjar er barst 13. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu deiliskipulagi Lindarvegjar í vesturhluta Fífuhammslands.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi Lindarvegjar felur í sér að Lindarvegur verði breikkaður milli Bæjarlindar og gatnamóta Fífuhammsvegjar og Lindarvegjar. Einnig er áætlað að setja upp hringtorg á gatnamótum Bæjarlindar og Lindarvegjar. Jafnframt er fyrirhuguð breikkun Fífuhammsvegjar á um 50 m kafla austan gatnamóta Fífuhammsvegjar og Lindarvegjar, en gert er ráð fyrir þeirri breikkun í nágildandi deiliskipulagi Fífuhammslands.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulag Lindarvegjar og umhverfisskýrslu:


Hljóðstig og mótvægisáðgerðir


Einnig kemur fram að á lóðinni nr. 15 við Fífulind sem er íbúðarhús, verði hljóðstig eftir breytingu, við 1. hæð 58 dB, á 2. hæð 60 dB og á 3. hæð 62 dB. Til að uppfylla kröfu um 55 dB eru áætlaðar mótvægisáðgerðir, þ.e. jarðvegsmön og hljóðveggur. Lindarhverfið er tiltölulega ungt hverfi, að mestu byggt milli 1990 – 2000. Að mati Umhverfisstofnunar væri æskilegt að hverfi væru þannig skipulögð að mótvægisáðgerðir af slíkum toga væru óþarfar. Hugsað væri fyrir hæfilegum fjarlægðum og umhverfishávaði tekinn með í reikninginn við gerð skipulags. 2 – 2,5 m há hljóðmön eins og setja á við gatnamótin skyggir á umhverfið og sama á við um 2 metra háan hljóðvegg.

Loftgæði /andrúmsloft

Í skýrslunni kemur fram að við mat á loftgæðum sýni niðurstöður að styrkleiki svifryks verði undir viðmiðunarmörkum eftir breytingu. Einnig er minnst á vöktunaráætlun, en ekkert kemur fram um viðbragðaáætlun ef loftmengun fer yfir heilsuverndarmörk. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að slík áætlun sé til svo mögulegt sé að bregðast skjótt við, ef mengun fer yfir heilsuverndarmörk.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun